

Aðgerðaáætlun
SVEITARFÉLAGSINS SKAGAFJARÐAR

vegna COVID-19

16. mars 2020, útgáfa 1



Skagafjörður

Áætlunin er sett með stoð í viðbragðsáætlun

Sveitarfélagsins Skagafjarðar



Efnisyfirlit

Tilfnið	2
Samhengi.....	2
Almenn þjónusta á vegum Sveitarfélagsins Skagafjarðar á meðan á neyðarstigi almannavarna varir.....	3
Heimsóknir	3
Fundir	4
Ferðalög	4
Fjarvinna	4
Eldhús, kaffi og veitingar	5
Hreinlæti og merkingar	5
Nánari ráðstafanir og þjónustustig hjá Sveitarfélaginu Skagafirði	5
Starfsemi fjölskyldusviðs	5
Starfsemi veitu- og framkvæmdasviðs	8
Starfsemi stjórnsýslu- og fjármálasviðs.....	8
Starfsemi skipulags- og byggingafulltrúa	9
Starfsemi Brunavarna Skagafjarðar	9
Frekari upplýsingar	9
Gagnlegar upplýsingar um kórónaveiruna, Covid-19.....	10
Fylgiskjal 1 - Leiðbeiningar til stjórnenda vegna COVID-19	11



Tilefnið

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna COVID-19 veirunnar. Stjórnendur Sveitarfélagsins Skagafjarðar leggja sig fram við að fylgjast vel með þróun mála. Ítrekað eru viðbrögð við stöðunni endurmetin, sem og ráðstafanir sveitarfélagsins, út frá tilkynningum og leiðbeiningum almannavarna og landlæknis.

Byggt er á þeim forsendum, að aðgerðir almannavarna og landlæknis snúist núna fyrst og fremst um að hægja á dreifingu veirunnar og verja þau fyrir veirunni sem eru viðkvæmst fyrir, t.d. eldra fólk og þau sem hafa undirliggjandi sjúkdóma.

Meginreglan hjá Sveitarfélaginu Skagafirði er sú að nálgast viðfangsefnið af yfirvegun og fylgja eftir öllum tilmælum yfirvalda, eins og almannavarna og landlæknisembættis. Gengið er lengra ef sérstök ástæða er talin til og kunna forsendur að breytast hratt. Í þessu skyni hefur Sveitarfélagið Skagafjörður gefið út viðbragðsáætlun sem fylgt er eftir með aðgerðaáætlun fyrir starfsemi og stofnanir sveitarfélagsins.

Samhengi

Gefin var út **viðbragðsáætlun** Sveitarfélagsins Skagafjarðar við heimsfaraldri af völdum COVID-19, 2. útgáfa, 16. mars 2020. [Sjá hér á vef sveitarfélagsins.](#)

Til að fylgja eftir viðbragðsáætluninni hafa stjórnendur Sveitarfélagsins Skagafjarðar sett saman **aðgerðaáætlun**, til leiðbeiningar fyrir stjórnendur og starfsfólk sveitarfélagsins. Í henni eru skilgreindar þær **ráðstafanir** sem gerðar eru í stofnunum og starfsemi Sveitarfélagsins Skagafjarðar til að (a) varna sem mest útbreiðslu og draga úr áhrifum veirunnar og (b) undirbúa skerta starfsemi, en með sem minnstri röskun, miðað við aðstæður. **Aðgerðaáætlunin er í stöðugri endurskoðun.**

Þær ráðstafanir sem snerta beint notendur þjónustunnar og íbúa, eru birtar opinberlega sem tilkynningar.



Almenn þjónusta á vegum Sveitarfélagsins Skagafjarðar á meðan á neyðarstigi almannavarna varir

Heimsóknir

Samkvæmt aðgerðaáætlun þessari um órofna starfsemi og þjónustu vegna COVID-19 smithættu verða breytingar á starfsemi og aðgengi að stofnunum Sveitarfélagsins Skagafjarðar, frá og með mánudeginum 16. mars 2020.

Tekið er fyrir heimsóknir í stofnanir og húsnæði sveitarfélagsins, nema fyrir þau sem eiga brýn erindi. Það er í höndum forstöðumanna hvernar stofnunar fyrir sig að sjá um framkvæmd þessa.

Framangreindar ráðstafanir eru í þeim tilgangi að draga sem mest úr smithættu og til að tryggja sem best að starfsemi og þjónusta haldist órofin. Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem þessar ráðstafanir kunna að fela í sér en íbúar sveitarfélagsins og landsmenn allir eru hvattir til að sýna samstöðu og lágmarka hættuna á dreifingu á smiti. **Öll erum við almannavarnir!**

A. Algert bann gildir um:

- Eldhús leik- og grunnskóla:
 - Aðgangur annarra en matráða, ræstingafólks, skólastjórnenda og umsjónarmanns fasteigna er bannaður.

B. Veruleg takmörkun – einungis notendur þjónustu:

- Leikskólar, grunnskólar, Tónlistarskóli Skagafjarðar, íþróttamiðstöðvar og sundlaugar, Hús frítímans.
- Dagdvöl aldraðra, lóða dagþjónusta, skammtímadvöl, sólarhringsþjónusta í búsetu.

C. Veruleg takmörkun – Einungis fyrirfram bókaðir tímar/viðtöl fyrir viðskiptavinum með afar brýn erindi:

- Ráðhúsið á Sauðárkróki
 - Pöntun tíma í síma 455-6000.
- Skagafjarðarveitur
 - Pöntun tíma í síma 455-6200.
- Þjónustumiðstöð
 - Pöntun tíma í síma 455-6204.
- Skagafjarðarhafnir
 - Pöntun tíma í síma 453-5169.

D. Opið fyrir notkun skv. eðli húsa, en hvatt til tillitssemi:

- Safnahús Skagfirðinga
- Byggðasafn Skagfirðinga



Ítrekað er að viðskiptavinir eru hvattir til samskipta gegnum síma, tölvupóst eða fjarfundi. Sjá upplýsingar um símanúmer og netföng aftast í þessu skjali.

Fundir

- Öllum fundum sem ekki þarf nauðsynlega að halda eða taka þátt í, skal sleppa, á meðan neyðarstig almannavarna vegna sýkinga af völdum kórónaveiru varir.
- Fundi nefnda Sveitarfélagsins Skagafjarðar má halda sem fjarfundi ef nauðsyn krefur, þegar væntanleg breyting á sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 hefur tekið gildi.
 - Leiðbeiningar um fjarfundi, fyrir starfsfólk, sveitarstjórnarfulltrúa og nefndafólk verða gerða aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins
 - Fyrir vinnufundi og óformlega fundi má nýta fundarsíma Símans, 755-7755.
- Starfsfólk Sveitarfélagsins Skagafjarðar skal ekki taka þátt í fundum utanhúss, nema brýna nauðsyn beri til. Í slíkum tilfellum skal þó ávallt leita eftir því að taka þátt í gegnum fjarfund.

Ferðalög

- Engar ferðir til útlanda verða á vegum Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Þetta gildir þangað til annað verður ákveðið.
- Starfsfólk er beðið um að upplýsa næsta stjórnanda um ferðalög sín á eigin vegum á næstunni og ræða mögulega fjarvinnu eftir heimkomu eftir því sem aðstæður gefa tilefni til og nánari ákvörðun síðar.

Fjarvinna

- Til þess getur komið að þau sem eiga kost á því þurfi að vinna fjarvinnu. Það gæti t.d. komið til vegna ráðstafana við að aðskilja starfsfólk og minnka samgang milli þess og/eða við viðskiptavini.
- Komi til þess að starfsfólk fari í sóttkví á það að starfa í fjarvinnu, eins og kostur er. Forstöðumaður ákveður, í samráði við starfsmann, hvaða viðfangsefnum starfsmaður á að sinna í fjarvinnu.
- Forstöðumenn stofnana gera ráðstafanir til að þetta sé hægt, í samræmi við fjárheimildir ársins eða sveitarstjóra, ef fara þarf umfram fjárheimildir.
- Starfsfólk er hvatt til að kynna sér leiðbeiningar um fjarfundi, en þær má finna á heimasíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar: <https://www.skagafjordur.is/static/files/2020/teams-skagafjordur.pdf>
- Það starfsfólk sem er með undirliggjandi sjúkdóma eða á nána aðstandendur með undirliggjandi sjúkdóma, sem ekki verður komist hjá að eiga dagleg samskipti við, er hvatt til að fylgja nánari leiðbeiningum þar að lútandi sem finna má í **Fylgiskjali 1** með aðgerðaáætlun þessari.



Eldhús, kaffi og veitingar

- Leiðbeiningum almannavarnadeildar RLS og Landlæknis skal fylgt.
- Þar sem talið er að kóróna-veiran geti lifað á hörðum flötum utan líkamans geta sameiginlegir snertifletir eins og eldhúsáhöld og vatnskönnur mögulega borið smit ef einhver veikur hnerrar eða hóstar á hlutina eða snertir þá með óhreinum höndum.
- Matar- og kaffitímar (áhöld, aðferðir, frágangur) skulu endurskipulagðir í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar.
- Framboð af matvælum í ísskápum á starfsstöðvum verður takmarkað við matvæli í lokuðum umbúðum (skyr, jógúrt, lokaðar fernur og flöskur, o.s.frv.). Notkun á sameiginlegum áhöldum (s.s. smjörhnífum, ostaskerum o.s.frv.) er ekki heimil.
- Tilhögun mötuneyta leik- og grunnskóla er gefin út sérstaklega í **Fylgiskjali 2** með aðgerðaáætlun þessari.

Hreinlæti og merkingar

- Hvatt til hreinlætis, en þar skiptir handþvottur langmestu máli og sprittun. Handþvottur skal ávallt valinn, sé þess kostur, en um 25 sek þvottur með sápu skilar mestum árangri, skv. leiðbeiningum.
- Í stofnunum Sveitarfélagsins Skagafjarðar skal hugað sérstaklega að góðu aðgengi til handþvottar og sprittunar, fyrir starfsfólk og notendur þjónustu.
- Hengja skal upp leiðbeiningar/hvatningu til handþvottar (fyrir starfsfólk og aðra) á viðeigandi stöðum og á nokkrum tungumálum (íslenska, enska, pólska hið minnsta).
- Forstöðumenn skulu sjá til þess að áherslur í þrifum verði endurskoðaðar og fara yfir það með starfsmönnum í ræstingu. Lögð áhersla á að þrifa (og spritta) sérstaklega vel alla snertifleti; s.s. handrið, hurðarhúna, stólarma, borð, o.s.frv.

Nánari ráðstafanir og þjónustustig hjá Sveitarfélaginu Skagafirði

Teknar hafa verið ákvarðanir um breytta þjónustu og starfsemi hjá Sveitarfélaginu Skagafirði og stofnunum þess, eins og greinir hér fyrir aftan. Þessi listi getur tekið örum breytingum.

Starfsemi fjölskyldusviðs

Allir þjónustubættir fjölskyldusviðs eru virkir, þ.e. félags- og skólaþjónusta, barnavernd sem og grunnþjónusta sveitarfélaganna sem er undir verkstjórn og ábyrgð fjölskyldusviðs, þ.e. félagsleg heimþjónusta, heimsendur matur, ráðgjöf, þjónusta stuðningsfjölskyldna, liðveisla og akstursþjónusta.



Skólar í Skagafirði

Árskóli og Árvist

- Skólabíll innanbæjar keyrir ekki. Allir koma með nesti að heiman.
- 1.-6. bekkur mæta frá 08:10-13:10. Þau mæta á mismunandi tímum og fara heim á mismunandi tímum til þess að forðast snertingar í anddyri. Þau eru að hámarki í 20 manna hópum í einni stofu ásamt starfsmannateymi allan daginn. Allir þessir hópar fá útihreyfingu í 30 mín.
- Þeir nemendur í 1. og 2. bekk sem eru í Árvist verða áfram í sínum stofum ásamt starfsfólki Árvistar/Árskóla. Tímasetningar á heimferð mismunandi vegna forstofu og þrifa.
- 7.-10. bekkur mæta í 60- 80 mín á dag. Mismunandi tímasetningar. Umsjónarkennarar undirbúa þau fyrir fjarkennslu. Ekkert nesti, engar frímínútur.
- Starfsmannahópnum í skipt í þrennt, yngsta stig, miðstig og unglingastig. Þeir eiga ekki að blandast.
- Nánari tilhögun verður send út til foreldra/forráðamanna.

Varmahlíðarskóli og Frístund

- Fyrirkomulag þessa fyrstu skólaviku er áformað með þeim hætti að yngsti hópurinn mætir alla daga, miðstig mætir alla daga nema einn og elsta stigið mætir einn dag.
- Morgunmatur/hressing: Nesti að heiman, hádegisverður borinn fram í kennslustofum
- Skóladagur frá kl. 08:15-13:05.
- Frístund haldin opinni fyrir 1. og 2. bekk til kl. 16:30 á daginn.
- Allir fá útihreyfingu í 40 mínútur.
- Nánari tilhögun verður send út til foreldra/forráðamanna.

Grunnskólinn austan Vatna

- Skólastarf fer fram frá kl. 8:30 – 13:55 alla daga. Starfsstöðinni á Hofsósi er skipt í þrjá aðskilda hópa. Skólastarf á Hólum helst óbreytt.
- Áfram verður boðið upp á morgumat og hádegismat en þó með breyttri tilhögun.
- Allir fá útihreyfingu 1 sinni á dag.
- Nánari tilhögun verður send út til foreldra/forráðamanna.

Ársalir

- Breytingar verða á vistunartíma barna sem helgast af því að fækka þarf um helming á hverri deild.
- Skerðing verður að auki á daglegum vistunartíma vegna stýringar á fjölda barna í fatarýmum að morgni dags sem og vegna þrifa/sóttthreinsunar í lok dags.
- Nánari tilhögun verður send út til foreldra/forráðamanna.



Birkilundur

- Breytingar verða á daglegum vistunartíma vegna stýringar á fjölda barna í fatarýmum að morgni dags sem og vegna þrifa/sótthreinsunar í lok dags.
- Nánari tilhugun verður send út til foreldra/forráðamanna.

Tröllaborg

- Leikskólinn opnar á sínum venjulega tíma. Vistunartími í lok dags er stytur vegna þrifa/sótthreinsunar.
- Allt samstarf milli leik- og grunnskóla fellur niður á meðan samkomubann stendur yfir.
- Gæsla eftir skóla á Hólum fellur niður.
- Nánari tilhugun verður send út til foreldra/forráðamanna.

Iðja hæfing, vinnustaður fyrir fatlað fólk á Sauðárkróki

- Tekin hefur verið ákvörðun um að loka. Haft verður samband við alla þá einstaklinga sem eru í Iðju varðandi útfærslu á þjónustu meðan á þessar aðstæður eru uppi.

Dagdvöl aldraðra Sauðárkróki

- Eftir að Neyðarstigi almanna var lýst yfir 6. mars var sú ákvörðun tekin að loka sjúkra- og hjúkrunardeildum HSN fyrir heimsóknum ættingja og annarra gesta frá 7. mars. Við þessar aðgerðir er dagdvöl fyrir aldraða á Sauðárkróki einnig lokað. Haft verður samband við alla þá einstaklinga sem eru í dagdvöl. Samstarf er milli dagdvalar, heimahjúkrunar og heimaþjónustu sveitarfélagsins um að útfæra þjónustu við þá einstaklinga á meðan þessar aðstæður eru uppi.

Skammtímadvöl fyrir fatlað fólk Grundarstíg Sauðárkróki

- Tekin hefur verið ákvörðun um að loka. Haft verður samband við alla sem nýta þjónustu skammtímadvalar varðandi útfærslu á þjónustu á meðan þessar aðstæður eru uppi.

Fyrir eldri borgara

- Athygli er vakin á því að eldra fólk og aðrir sem tilheyra viðkvæmum hópum sem hingað til hafa ekki fengið félagslega heimaþjónustu og/eða heimsendan mat geta haft samband við afgreiðslu Ráðhússins og óskað eftir símtali. Félagsráðgjafi mun hafa samband og aðstoða eftir þörfum meðan á samkomubanni stendur.

Vakin er athygli á því að öllum fundum og/eða viðtölum innan fjölskyldusviðs sem ekki eru brýn er frestað en tímabundið notast við fjarfundi, símafundir og tölvupóst í staðinn.



Sundlaugar

- Sundlaugar í Skagafirði verða opnar með óbreyttu sniði en því beint til viðskiptavina að gæta að hreinlæti og virða þau tilmæli sem gefin eru út hverju sinni af Embætti landlæknis.

Íþróttahús

- Íþróttahús verða opin með óbreyttu sniði en fyrirkomulag æfinga verður ákvarðað nánar á næstu dögum þar sem leitast verður við að fylgja tilmælum heilbrigðisráðherra um samkomubann og tilmæla Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

Hús frítímans og félagsmál í Varmahlíðarskóla og GaV.

- Skipulagt starf fyrir börn og ungmenni í Húsi frítímans mun taka mið af breyttu starfi Árskóla og verður dagskrá hvers hóps kynnt á Fésbókarsíðu Húss frítímans. Vegna blöndunar milli hópa munu félagsmál í Varmahlíðarskóla og GaV leggjast af á meðan á samkomubann er í gildi.
- Félagsstarf Félags eldri borgara í Skagafirði í Húsi frítímans mun leggjast af á meðan samkomubann er í gildi.

Starfsemi veitu- og framkvæmdasviðs

Lögð er áhersla á að þeir sem þurfa að leita þjónustu hjá veitu- og framkvæmdasviði sveitarfélagsins eða eru með fyrirspurnir til starfsmanna sviðsins, noti til þess síma, tölvupóst eða íbúagátt sveitarfélagsins. Upplýsingar um netföng starfsmanna má finna á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is.

Stofnanir veitu- og framkvæmdasviðs eru lokaðar fyrir utanaðkomandi þangað til ákvörðun hefur verið tekin um annað.

Starfsemi stjórnsýslu- og fjármálasviðs

Lögð er áhersla á að þeir sem þurfa að leita þjónustu hjá stjórnsýslu- og fjármálasviði í Ráðhúsinu noti til þess síma, tölvupóst eða íbúagátt sveitarfélagsins. Upplýsingar um netföng starfsmanna má finna á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is.

Þeir sem nauðsynlega þurfa að hitta starfsmenn stjórnsýslu- og fjármálasviðs í Ráðhúsinu á Sauðárkróki skulu panta tíma áður í síma 455-6000.



Engar skerðingar eru enn sem komið er á þjónustu stofnana sviðsins, sem eru Byggðasafn Skagfirðinga, Héraðsbókasafn Skagfirðinga, Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í Varmahlíð og á Sauðárkróki.

Starfsemi skipulags- og byggingafulltrúa

Lögð er áhersla á að þeir sem þurfa að leita þjónustu hjá skipulags- og byggingafulltrúa noti til þess síma, tölvupóst eða íbúagátt sveitarfélagsins. Upplýsingar um netföng starfsmanna má finna á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is.

Þeir sem nauðsynlega þurfa að hitta starfsmenn skipulags- og byggingafulltrúa í Ráðhúsinu á Sauðárkróki skulu panta tíma áður í síma 455-6000.

Starfsemi Brunavarna Skagafjarðar

Lokað hefur verið fyrir aðgengi almennings inn á slökkvistöðina á Sauðárkróki. Hægt er að hringja á slökkvistöðina í síma 453-5425 eða senda tölvupóst á brunavarnir@skagafjordur.is og eru erindi afgreidd á þann hátt.

Þjónusta vegna slökkvitækja hefur verið takmörkuð, m.a. eru þjónustusamningar vegna slökkvitækja í fyrirtækjum í biðstöðu á meðan ástandið varir. Tekið er á móti slökkvitækjum til yfirferðar við inngang slökkvistöðvarinnar á dagvinnutíma.

Skipulagt eldvarnaeftirlit liggur niðri á meðan ástandið gengur yfir.

Frekari upplýsingar

Tilkynningar eru settar jafnóðum á vef Sveitarfélagsins Skagafjarðar og má nálgast hér: www.skagafjordur.is.

Starfsfólk í afgreiðslu Ráðhússins á Sauðárkróki mun jafnfamt leiðbeina þeim sem þangað hringja og mun leitast við að leysa úr þeim málum sem um er að ræða í hverju tilviki.

Þá er hægt að skila inn gögnum og sækja um ýmsa þjónustu og leyfi á íbúagátt Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Auðvelt er að fara inn á íbúagáttina af heimasíðu sveitarfélagsins.

Á heimasíðunni má einnig finna upplýsingar um símanúmer og netföng á starfsstöðvum sveitarfélagsins, svo og netföng starfsmanna sveitarfélagsins.

Bent er á að hægt er að senda inn almennar fyrirspurnir á netfangið skagafjordur@skagafjordur.is, sem er vaktað pósthólf.



Gagnlegar upplýsingar um kórónaveiruna, Covid-19

Minnt er á [vef um Covid-19](#) þar sem nálgast má allar helstu upplýsingar um kórónaveiruna en þær eru uppfærðar í rauntíma.

Almannavarnir - [vefur - upplýsingar um stöðu og framvindu mála, auk ráðlegginga](#).

Almannavarnir hafa einnig gefið út [ráðleggingar um mannamót](#) með tilliti til faraldursins sem allir eru hvattir til að kynna sér.

[Samband íslenskra sveitarfélaga - ýmsar leiðbeiningar og handhægar upplýsingar á fleiri tungumálum.](#)

Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar



Fylgiskjal 1 - Leiðbeiningar til stjórnenda vegna COVID-19

-Sveitarfélagið Skagafjörður -

Aðstæður í þjóðfélaginu eru án fordæma og allar aðgerðir stjórnvalda þessa dagana miða að því að hægja á útbreiðslu kórónaveirunnar og tryggja að nauðsynlegir innviðir landsins séu í stakk búnir til að takast á við álagið sem mun myndast vegna sjúkdómsins COVID-19 hér á landi. Þessar aðgerðir stjórnvalda hafa áhrif á starfsstaði Sveitarfélagsins Skagafjarðar og okkar markmið er að halda upp þjónustu/starfsemi sem best verður á kosið miðað við aðstæður. Stjórnendur bera ábyrgð á að upplýsa starfsmenn um hvaða reglur gilda um starfsemi starfsstaða meðan á varúðarráðstöfunum stendur vegna COVID-19.

Starfsfólk með áhættuþætti fyrir alvarlegri sýkingu kórónaveiru (COVID-19) skv. leiðbeiningum embættis landlæknis og óskar eftir að mæta ekki á starfsstað og/eða vinna heiman frá sér

Þau tilvik þar sem starfsfólk með áhættuþætti fyrir alvarlegri sýkingu óskar eftir að mæta ekki á starfsstað og/eða vinna heiman frá sér þarf að meta hvert fyrir sig með hliðsjón af eðli starfa og aðstæðum á starfsstað.

Til að mynda má reyna að koma því við að starfsmaður sé færður í aðstæðum sem henta betur á starfsstað, t.d. að starfsmaður geti sinnt störfum sínum í annarri deild eða eftir atvikum á annarri starfsstöð.

Í þeim tilvikum þar sem starfsmenn sem ekki eru veikir en eru með áhættuþætti fyrir alvarlegri sýkingu getur stjórnandi heimilað að starfsmaður stundi vinnu heiman frá sér ef hægt er. Stjórnandi gerir þá ráðstafanir þar að lútandi.

Ef stjórnandi getur ekki komið því við að starfsmaður sé færður í aðstæður sem henta betur á starfsstað né getur starfsmaður unnið heiman frá sér þá skal koma til móts við orlofsbeiðni/launalaus leyfi starfsmanna eins og kostur er og starfsmaður á grundvelli læknisvottorðs skal skráður í veikindi.

Starfsfólk sem á maka eða börn með áhættuþætti fyrir alvarlegri sýkingu kórónaveiru (COVID-19) skv. leiðbeiningum embættis landlæknis og óskar eftir því að mæta ekki á starfsstað vegna áhættu á að smitast á starfsstaðnum

Þau tilvik þegar starfsfólk sem á maka eða börn með áhættuþætti fyrir alvarlegri sýkingu óskar eftir að mæta ekki á starfsstað og/eða vinna heiman frá sér þarf að meta hvert fyrir sig með hliðsjón af eðli starfa og aðstæðum á starfsstað.



Stjórnandi getur reynt að koma því við að starfsmaður sé færður í aðstæður sem henta betur á starfsstað, t.d. að starfsmaður sinni störfum sínum í annarri deild eða eftir atvikum á annarri starfsstöð.

Stjórnandi getur heimilað að starfsmaður stundi vinnu heiman frá sér ef hægt er. Stjórnandi gerir þá ráðstafanir þar að lútanda.

Ef stjórnandi getur ekki komið því við að starfsmaður sé færður í aðstæður sem henta betur á starfsstað né getur starfsmaður unnið heiman frá sér ef um að ræða sóttkví skv. eigin ákvörðun og getur starfsfólk þá óskað eftir orlofi/launalaeyisu leyfi eða nýtt veikindadaga vegna barna eins og við á.

Mikilvægt er að meta hvert tilvik fyrir sig og gæta jafnræðis í ákvörðunum.

Ef starfssemi starfsstaða breytist eða lokar vegna samkomubanns á starfsfólk þá að mæta til vinnu?

Starfsfólk mætir til vinnu og sinnir þeim verkefnum sem að mati stjórnenda er hægt að sinna þrátt fyrir takmarkaða starfsemi, breytta opnun eða lokun. Stjórnendur nota þær leiðbeiningar sem snúa að breytingum á störfum sem hafa verið gefnar út eins og við á.

Launagreiðslur til starfsfólks í skertri starfsemi

Launagreiðslur í skertri starfsemi eru fastar greiðslur fyrir reglulegan vinnutíma, t.d. vaktálag/yfirvinnukaffitímar skv. gildandi vaktaskipulagi, sjá gr. 11.2.6 í kjarasamningum um greiðslu launa í fyrstu viku veikinda. Sbr. og gr. 9.5.5. um laun fyrir fastan reglulegan vinnutíma þegar vinna fellur niður á verkstað. Launagreiðslur skv. 11.2.7 (meðaltalsyfirvinna) koma eingöngu til álita þegar um veikindaforföll er að ræða.

Ef starfsmaður kemst ekki til vinnu vegna umönnunar barna sinna vegna skertrar þjónustu t.d. leik- og grunnskóla

Starfsmaður þarf að upplýsa yfirmann eins fljótt og auðið er vegna slíkra aðstæðna og í hverju þær felast, t.d. fjarveru heila vinnudaga eða hluta vinnudags.

Stjórnandi getur heimilað að starfsmaður stundi vinnu heiman frá sér ef hægt er. Stjórnandi gerir þá ráðstafanir þar að lútanda.

Ef stjórnandi getur ekki komið því við að starfsmaður vinni heiman frá sér getur starfsfólk óskað eftir orlofi/launalausis leyfi (eða nýtt veikindadaga vegna barna eigi það við.)

Eiga starfsmenn í sóttkví að skila inn staðfestingu á að þeir hafi verið settir í sóttkví?



Já, starfsmaður í sóttkví á að skila inn staðfestingu. Ákvörðun um sóttkví er eingöngu tekin á vegum smitrakningateymis almannavarna og geta þeir sem eru í sóttkví fengið staðfestingu á því skriflega eða rafrænt frá teyminu.

Er hægt að krefjast vinnuframlags af starfsfólki í sóttkví?

Hægt er að krefjast vinnuframlags af starfsfólki í sóttkví séu verkefnin þess eðlis og í tengslum við starf viðkomandi starfsmanns.